



„Glens og læti“ í Eddu á öskudag

Miðvikudaginn 5. mars

Á öskudaginn ætlar starfsfólk Árnastofnunar að taka vel á móti börnum sem verða á ferðinni í furðufötum að sprella í tilefni dagsins.

Þau börn sem koma í Eddu geta tekið þátt í einföldum leik og fengið gotterí að launum.

Safnkennari Árnastofnunar tekur á móti ungum gestum í safnkennslustofunni í Eddu á fyrstu hæð.

Þau börn sem vilja geta staldrað við í kennslustofunni og dundað sér við að teikna, lita, lesa eða hlusta á upplestur.

Öllum þeim börnum sem koma í Eddu er velkomið að skoða handritasýninguna **Heimur í orðum** sem er opin kl. 10–17. Kaffihúsið Ýmir er opið á sama tíma.

Sjáumst í Eddu á öskudaginn!

Edda, Arngrímögötu 5, 107 Reykjavík

